

Ár 2012, fimmtudaginn 5. janúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. **Iðnaðarráðuneyti frá 30. desember 2011.**

Í bréfinu er gert grein fyrir meðferð ráðuneytisins á kærðu Hveragerðisbæjar þar sem útgáfa rannsóknarleyfis í Grænsdal var kærð. Ráðuneytið lítur svo á að ekki séu forsendur til áframhaldandi málarekstrar þar sem að með bréfi dags. 30 desember 2011 var tilkynnt af Orkustofnun að rannsóknarleyfi Sunnlenskrar orku hafi verið fellt úr gildi að þeirra eigin ósk.

Bæjarráð fagnar þessum málalokum og tekur undir það sjónarmið ráðuneytisins að forsendur frekari málarekstrar séu af þessum sökum ekki fyrir hendi.

1.2. **Landmælingum Íslands frá 14. desember 2011**

Í bréfinu er fjallað um innleiðingu nýrra laga nr. 44/2011 um „Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar“.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Sigdal kommune frá 20. desember 2011.**

Í bréfinu er boðið til vinabæjamóts í Sigdal í Noregi dagana 10. – 12. ágúst 2012.

Bæjarráð þakkar byggðaráði Sigdal gott boð og hlakkar til að sjá viðbrögð annarra sveitarfélaga í vinabæjakeðjunni þar sem nokkuð er liðið frá síðasta vinabæjamóti. Verði af mótinu mun bæjarfélagið senda þangað fulltrúa enda eru tengslin sem vinabæjakeðja þessara sveitarfélaga hefur myndað afar dýrmæt og byggð á grunni sem rekur sig aftur til fyrstu ára Hveragerðisbæjar.

2. Tæknileg málefni:**2.1. Greinargerð vegna fyrirhugaðrar ræktunar erfðabreyttra lífvera að Reykjum í Ölfusi frá tíu stofnunum, samtökum og einstaklingum, ódagsett.**

Lögð fram greinargerð þar sem fjallað er um forsendur og álitamál vegna starfsleyfis fyrirhugaðrar ræktunar Orf líftækni hf að Reykjum. Ennfremur lögð fram skýrsla unnin af „Kynningarátaki um erfðabreyttar lífverur“ en að því standa Landvernd, Matvæla- og veitingafélag Íslands, Náttúrulækningafélag Íslands, Neytendasamtökin, Slow food Reykjavík og Vottunarstofan Tún.

Bæjarráð undrast það að ekki skuli hafa verið leitað áhlits Hveragerðisbæjar við útgáfu starfsleyfis til handa Orf líftækni að Reykjum og telur að skilyrðislaust hefði átt að kynna þetta mál fyrir bæjarstjórn eða á opnum fundi með íbúum. Þrátt fyrir að Reykir tilheyri sveitarfélaginu Ölfusi, stjórnsýslulega séð, þá eru landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að allt sem þar gerist hefur áhrif í Hveragerði enda eru ekki nema 150 metrar frá umræddu tilraunagróðurhúsi í næsta íbúðarhús bæjarins og um 350 metrar í miðbæinn. Þessi staðreynd ein og sér ætti að nægja til að Hvergerðingum yrði kynnt hvernig starfsemi Orf líftækni á að fara fram. Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir fundi með hlutadeigandi aðilum sem skýrt getur þau sjónarmið sem búa að baki umræddri leyfisveitingu.

3. Fjárhagsleg málefni:**3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra v. verðs á hressingu í frístundaskóla frá 3. janúar 2012.**

Í minnisblaðinu kemur fram að mistök hafi orðið við samþykkt tekjuforsendna hvað varðar verð á hressingu í frístundaskóla.

Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra.

3.2. Tillaga að viðmiðunartekjum vegna tekjutengds afsláttar fasteignaskatts og holræsagjalda til öryrkja og ellilífeyrisþega.

Bæjarráð samþykkir tillöguna en í henni er gert ráð fyrir að viðmiðunartekjur hækki milli ára um 2,25% sem er í samræmi við hækkun grunnlífeyris Tryggingastofnunar ríkisins.

Viðmiðunartekjurnar verða sem hér segir:

Einstakl.		Hjón	
2.119.000	100%	3.186.000	100%
2.473.000	75%	3.669.000	75%
2.826.000	50%	4.154.000	50%
3.180.000	25%	4.638.000	25%

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. SASS frá 9. desember 2011.
- 4.2. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 9. desember 2011.
- 4.3. Inntökuráði ART teymisins frá 17. maí 2011 og 12. desember 2011.
- 4.4. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands frá 27. desember 2011. (Ath. fundarboð fylgir)

Bæjarráð samþykkir að fulltrúi bæjarins á boðuðum aukaaðalfundi samþykki hlutafjárukningu í samræmi við útsend gögn.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:33

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)